

1992. – 1062 ár frá stofnun Alþingis.
116. löggjafarþing. – 147. mál.

168. Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingum.

Flm.: Gunnar Birgisson, Sigríður A. Þórðardóttir.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Í nefndinni eiga sæti fjórir menn, einn tilnefndur af Öldrunarráði Íslands, tveir tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn tilnefndur af heilbrigðisráðherra og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ef atkvæði falla jöfn í stjórninni ræður atkvæði formanns úrslitum.

2. gr.

a. 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Sjóðstjórn úthlutar árlega fé úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum 3. mgr.

b. Við 11. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo:

Úthluta skal %₀ hlutum þess fjármagns, sem kemur í sjóðinn úr hverju kjördæmi, til verkefna í kjördæminu, sbr. 12. gr. Því sem eftir stendur skal úthlutað sérstaklega til verkefna utan höfuðborgarsvæðisins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þjónusta við aldraða mun aukast í náninni framtíð þar sem meðalaldur þjóðarinnar fer hækkandi. Byggingu þjónustukjarna og hjúkrunarheimila mun fjölga. Framkvæmdir hafa að hluta verið kostaðar með styrkjum úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Tekjur framkvæmdasjóðsins eru nefskattur á einstaklinga í landinu, 70 ára og yngri. Því er eðlilegt að framlög úr sjóðnum skiptist nokkurn veginn eftir fólksfjölda í hverju kjördæmi.

Séu úthlutanir sjóðsins frá stofnun hans skoðaðar (sjá fylgiskjal) sést að Reykjaneskjördæmi hefur farið mjög halloka í úthlutunum úr sjóðnum. Einungis hefur verið úthlutað 16,11% til Reykjaness en í kjördæminu eru 25,11% landsmanna. Fjármunirnir hafa runnið til landsbyggðarinnar, t.d. til Norðurlands vestra, en þangað hafa 9,33% af fé sjóðsins farið en íbúar eru þar einungis 3,99% af landsmönnum.

Frumvarp þetta er sett fram með það í huga að sem sanngjörnt skipting verði á fjármunum sjóðsins.

Uppbygging á þjónusturýmum og hjúkrunarrýmum er vel á veg komin á landsbyggðinni, en staðan í þessum málum á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega þó á Reykjanesi, er sú að mikið verk er óunnið í málefnum aldraðra. Uppbygging þjónusturýma er grundvöllur þess að mögulegt sé að veita öldruðum daglega þjónustu, þó svo að þeir búi í eigin húsnæði. Samkvæmt frumvarpinu er áætlað að verja einum tíunda hluta tekna sjóðsins sérstaklega til verkefna utan höfuðborgarsvæðisins.

Prentað upp.

Fylgiskjal.

Tafla úr skýrslu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra
um málefni og hagi aldraðra.
(Þskj. 802 á 115. löggjafarþingi.)

Framkvæmdasjóður aldraðra eftir árum	upphæðir á verðlagi hvers árs	framreiknaðar upp- hæðir til bvt. 187.4	
1981	7.195	89,412,666	
1982	32.1	259,402,328	
1983	40	186,560,478	
1984	61	224,629,593	
1985	54.5	153,352,853	
1986	91.34	203,969,447	
1987	148.3	281,603,202	
1988	160	257,594,502	
1989	160	210,709,768	
1990	197	217,675,707	
1991	266.5	286,858,702	
alls	1217.935	2,371,769,246	
Uthlutað alls	IKR	2,298,576,247	
mismunur	IKR	73,192,999	eða 3.09%
Aðrir styrkir ýmis verkefni og rekstur	IKR	73,192,999	3.09%
FRAMKVÆMDASJÓÐS	Heildarstyrkur		
ÚTHLUTANIR	í árslok 1991	Skipting sjóðsins	Hluti af heildar-
EFTIR LANDSHLUTUM :	eftir landshlutum	eftir landshlutum	fjölda landsmanna
Reykjanes	370,265,544	16.11%	25.11%
Reykjavík	849,827,630	36.97%	38.39%
Vesturland	141,345,097	6.15%	5.60%
Vestfirðir	132,005,586	5.74%	3.75%
Norðurland vestra	187,544,569	8.16%	3.99%
Norðurland eystra	214,459,080	9.33%	10.16%
Austurland	222,657,988	9.67%	5.08%
Suðurland	180,470,753	7.85%	7.92%
alls	2,298,576,247	100%	100%